



Reykjavíkurborg
Þjónustu- og nýsköpunarsvið

Reykjavík, 10. júní 2020
Tilvísun í mál: R20030023

Til forsætisnefndar
Ráðhús Reykjavíkur

Efni: Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um stafrænt merki Reykjavíkurborgar.

Vísað er til bréfs, dagsett þann 04. júní 2020, þar sem óskað er eftir svari skrifstofustjóra stafrænnar Reykjavíkur á þjónustu- og nýsköpunarsviðs (ÞON) um fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins þar sem óskað er eftir upplýsingum um kostnað við hönnun á stafrænu merki borgarinnar og hvort það hafi þótt nauðsynlegt að gera breytingar á merkinu fyrir stafræna miðla.

F.h. þjónustu- og nýsköpunarsviðs,

Þröstur Sigurðsson, skrifstofustjóri stafrænnar Reykjavíkur



Reykjavíkurborg
Þjónustu- og nýsköpunarsvið

Reykjavík, 10. júní 2020
R20030023
PON
PS

Sent til forsætisnefndar

Svar

Viðtakandi: Forsætisnefnd

Sendandi: Pröstur Sigurðsson, skrifstofustjóri stafrænnar Reykjavíkur

Efni: Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um stafrænt merki Reykjavíkurborgar

Þann 29. maí 2020 lagði áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins fram í forsætisnefnd svohljóðandi fyrirspurn:

Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir að fá upplýsingar um kostnað við breytingu á merki (logo) Reykjavíkur fyrir stafræna útgáfu merkisins. Var nauðsynlegt að gera breytingu á merkinu fyrir stafræna útgáfu þess?

Fyrirspurninni var vísað til skrifstofustjóra stafrænnar Reykjavíkur 04. júní 2020.

Svar:

Meginástæðan fyrir nýrri útgáfu af stafrænu merki Reykjavíkur er tvíþætt. Annars vegar mótun á upplifun fólks af ásýndinni og hins vegar hönnunarlegar takmarkanir, t.d. það að vegna fíngerðra lína í merkinu verður það óþekkjanlegt þegar það er minnkað mikið niður, svo sem á fleti smáforrits í snjallsíma.

Til að móta stefnu sem kjarnar persónuleika nútímalegrar Reykjavíkurborgar á stafrænum miðlum voru haldnar vinnustofur þar sem þverfaglegur hópur starfsfólks ræddi og sameinaðist um gildi Reykjavíkur — *vingjarnleg, litrík og traust*.

Með gildin að leiðarljósi var upplifun fólks á merki Reykjavíkur skoðað. Niðurstaðan var sú að til að uppfylla ofangreind skilyrði og mæta væntingum íbúa þyrfti að uppfæra merkið í takt við nýja, stafræna tíma og gera vingjarnlegt og traust merki sem skalast vel og nýtur sín á ólíkum miðlum.

Kostnaður við vinnu vegna stafræns merkis er eftirfarandi:

Laun starfsmanns Stafrænnar Reykjavíkur	125.867kr
Rannsóknarvinna og hönnun hjá Vinnustofu Erlu og Jónasar	425.790kr
Rannsóknarvinna og hönnun hjá Skrín hönnun ehf	90.000kr
	<i>Samtals 641.657kr</i>



Virðingarfyllt,
Þróstur Sigurðsson